

Snæfellsbær  
Snæfellsási 2  
360 Snæfellsbær

Reykjavík 15. febrúar 2019  
UST201901-108/A.B.  
10.04.03

### **Efni: Tillaga - Deiliskipulagsbreyting - Frístundahús – Hellnar - Snæfellsbær**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Snæfellsbæjar er barst 11. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar á tillögu að deiliskipulagsbreytingu fyrir frístundahús á Hellnum í Snæfellsbæ.

Í greinargerð kemur fram að breytingartillagan gengur út á að lóðarmörkum verði breytt á þremur lóðum og vegslóði sem liggur að Nesi verði færður inn á uppdrátt. Auk þess er afmörkun byggingareita breytt á tveimur lóðum.

### **Framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár**

Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍ) setur fram tillögu að svæðum á framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruminjaskrár út frá verndun vistgerða, fugla og jarðminja. Framkvæmdaáætlun er skrá yfir þær náttúruminjar sem Alþingi hefur ákveðið að setja í forgang um friðlýsingu eða friðun á næstu fimm árum. Umhverfisstofnun vill benda á að svæðið sem skipulagstillagan nær til er á tillögu að framkvæmdaáætlun (B-hluta) og kallast Snæfellsnes. Umhverfisstofnun bendir á að upplýsingar um ofangreint svæði er að finna á heimasíðu NÍ og á kortasjánni <https://natturuminjaskra.ni.is/>, en þar segir m.a. við Hellnar að fjaran sé rík af fjörupollum með fjölbreyttu lífríki og áberandi klóþangsfjöru og helstu ógnir við svæðið séu mikil og vaxandi ferðamennska.

Það er mat stofnunarinnar að mikilvægt er að hafa þessar upplýsingar fyrir ofangreint svæði til hliðsjónar þegar skipulagsáætlunin er unnin, þegar áhrif á helstu umhverfisþætti eru metin og til að tryggja að verndargildi svæðisins rýrni ekki. Auk þess bendir stofnunin á að þegar framkvæmdaáætlun (B-hluti) náttúruminjaskrár hefur verið samþykkt getur það haft áhrif á verndarstöðu svæðisins.

### **Náttúruminjarskrá**

Umhverfisstofnun bendir á að svæðið sem tillagan nær til er á náttúruminjaskrá og nefnist Utanvert Snæfellsnes og er númer 223 sem aðrar náttúruminjar.

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að fram komi áhrif tillögunar á ásýnd svæðisins og hvort að tillagan hafi neikvæð áhrif á verndargildi náttúruminja. Auk þess minnir Umhverfisstofnun á 4. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 sem segir að áður en leyfi er veitt til framkvæmda á svæðum sem eru á náttúruminjaskrá skal leyfisveitandi leita umsagnar Umhverfisstofnunar nema fyrir liggi staðfest aðalskipulag og samþykkt deiliskipulag þar sem umsagnir skv. 1. og 2. mgr. 68. gr. ofangreindra laga liggja fyrir.

### Friðlandið

Umhverfisstofnun bendir á að skipulagstillagan sem er hér til umfjöllunar er á friðlandi sem kallast ströndin við Stapa og Hellna. Stofnunin bendir á að friðlandið var friðlýst 1979. Samkvæmt auglýsingu um friðlandið í Stjórnartíðindum B, nr. 284/1979 segir m.a. í þeim reglum sem gilda um friðlandið að óheimilt er að raska jarðmyndunum, trufla fuglalíf og skerða gróður. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að tekið sé tillit til friðlýsingarskilmála friðlandsins við framkvæmd deiliskipulagsins.


### Umhverfisáhrif

Í greinargerð kemur fram að í gildandi deiliskipulagi var ekki fjallað um umhverfisáhrif áætlunarinnar. Auk þess segir í greinargerð að umhverfisáhrif tillögunnar eru staðbundin. Í gr. 5.4.1 Skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 segir: „Við gerð deiliskipulags skal meta líkleg áhrif af fyrirhuguðum framkvæmdum og starfsemi á aðliggjandi svæði og einstaka þætti áætlunarinnar sjálfrar svo sem á vistkerfi, auðlindir, landslag, ásýnd, útsýni, hljóðvist, loftgæði, hagkvæmni, veðurfar, varðveislugildi og svipmót byggðar og einstakra bygginga o.fl. umhverfisþætti eftir því sem efni skipulagsins gefur tilefni til.“ Umhverfisstofnun telur mikilvægt að unnið sé umhverfismat fyrir deiliskipulagið við gerð umhverfisskýrslu til að meta áhrif tillögunar á lífríki og náttúru svæðisins í heild.



Axel Benediktsson  
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur